

Nd.

507. Nefndarálit

um tillögu til þingsályktunar um umsjón á landssjóðsvöru úti um land (þgskj. 40).

Frá minni hluta bjargráðanefndar.

Jeg gat ekki verið á sama máli og hv. samnefndarmenn mínir í bjargráðanefndinni um að vísa þingsályktunartillögunni á þingskjali 40, um umsjón landssjóðsvöru úti um land, til stjórnarinnar, í stað þess að koma fram með tillögur um málið.

Jeg get fúslega fallist á, að það sje rjett, sem hv. flutningsmenn tjeðrar þingsályktunartillögu halda fram, að afskifti sýslumanna af landssjóðsversluninni úti um land sjeu, eins og nú er komið, ekki nauðsynleg.

Það leiðir af sjálfu sjer, að jafnframt því sem verslunin er rekin á kostnað landssjóðs, þá sje þess gætt að gera það á þann hátt, sem haganlegast og kostnaðarminst er fyrir viðskiftamennina úti um landið. Því að það er sjálfsgætur hlutur, að láta vörurnar ekki ganga í gegn um fleiri hendur en nauðsynlegt er, því að slíkt eykur óhjákvæmilega verð vörunnar, sem ærið er áður.

Það má vel vera, að hluttaka sýslumanna í landssjóðsversluninni úti um land hafi verið nauðsynleg í byrjun, meðan verslunin var að ryðja sjer til rúms og komast á fastan fót og meðan hún var rekin sem aukastarf á annari skrifstofu stjórnarráðsins. Þó svo hafi nú verið í byrjun, þá er alt öðru máli að gegna nú, þar sem sett er á stofn sjerstök verslunarskrifstofa í Reykjavík með nægum starfskröftum.

Það virðist liggja beinast við og vera hampaminst, að sveitarstjórnunum sje það frjálst að snúa sjer beint til verslunarskrifstofunnar, milliliðalaust, þar sem því verður við komið. En aftur á móti geti sveitarstjórnirnar, þar sem það þykir hentugra og aðstaðan til beinna viðskifta er örðugri, falið kaupfjelögum sínum og kaupmönnum að reka viðskiftin fyrir sig. Það sem meðal annars mælir með því, að sveitarstjórnirnar sjeu ekki útilokaðar frá því að geta notað þessa siðastnefndu aðferð, er það, að menn verða allvíða nær eingöngu að reka þá hlið viðskiftanna, er snýr að sölu afurðanna, einmitt við kaupmenn og kaupfjelög.

Jeg vil því eindregið mæla með því, að þingsályktunartillagan verði samþykkt.

Alþingi, 16. ág. 1917.

Pjetur Ottesen.